


Tónlist rauði þráðurinn í öllu námi grunnskólans



Til notkunar með Komdu og skoðaðu hafið

eftir Sólrónu Harðardóttur og Freydísi Kristjánsdóttur

Námsgagnastofnun 2005

Hugsuð fyrir 2. - 3. bekk

Sigurlína Jónsdóttir

Námsumhverfi

Með þessu verkefni þurfa að vera til staðar bækur fyrir börn um hafið og það sem tengist því, listaverkabækur þar sem hafið er myndefnið. Aðgangur að bókasafni, hljómflutningtækjum, tölvum. Einnig venjulegu skólastofu föndurefni s.s. pappír, þykkum pappa, bandi, litum, skærum, lími o.s.frv.

Öll hlustunardæmi eru með tengil á *Youtube* og sum sönglög. Önnur lög eru stjörnumerkt, * eru „*Syngjandi skóli*” hlustunarefni eftir Þórunni Björnsdóttur, aðgengileg á nams.is; ** bókin „*Söngvasafn Efveri ég söngvari*” eftir Ragnheiði Gestsdóttur á meðfylgjandi geisladiski; *** má nálgast á tonlist.is gegn gjaldi.

Dæmi um sönglög

[Sigling \(Hafið bláa hafið\)](#) (bls. 2-3) *
Suðurnesjamenn (bls. 2-3) ***
[Fuglinn í fjörunni](#) (bls. 4-11) **
[Bátasmiðurinn](#) (bls.4-11) ***
Sofa urtubörn (bls. 4-11) ***
Róðu Runki minn (bls. 12-13)
Við skulum róa sjóinn á (bls. 12-13)
[Kátir voru karlar](#) (bls. 12- 13) ***

[Ship ohoj](#) (bls. 14-15)
Híf opp æpti karlinn (bls. 14-15) ***
[Síldarvalsinn](#) (bls.16-19)
[Á sjó](#) (bls.20-21) ***
[Alli, Palli og Erlingur](#) (bls. 20-21) ***
_____datt í sjóinn (bls. 22-23)
[Nú blikar við sólarlag](#) (bls.24-25)
[Kvöldsigling](#) (bls. 24-25) ***

Dæmi um hlustunarefni

[Sigling \(Hafið bláa hafið\)](#)
[Suðurnesjamenn](#)
[Hafið/La mer](#) – Debussy
[Brennið þið vitar](#)- Páll Ísólffsson
[Fuglinn í fjörunni](#)
[Vem kan segla förutan vind](#) –
[Sigling inn Eyjafjörð](#) – Jóhann Haraldsson

[Kátir voru karlar](#)
[Austan kaldinn á oss blés](#) – Þjóðlag
[Síldarvalsinn](#) – Steingrímur M. Sigfússon
[Á Sjó](#) – Ólafur Ragnarsson
[Það gefur á bátinn við Grænland](#) – Svavar Benediktsson
[Nú andar suðrið](#) – Ingi T. Lárússon
[Kvöldsigling](#) Gísli Helgason

Markmið


- Að auka lestrarfærni (fjölbreyttan lestur, t.d. skimun, leitarlestur, lesa í áhrif hafsins á líf okkar og annarra þjóða, læra ljóð (söngtexta) og lesa upphátt fyrir aðra).
- Að vinna með stafi og hljóð, sérhljóða og samhljóða.
- Auka orðaforða.
- Að efla ritun.
- Að æfa framsögn, tjáningu og söng.
- Efla heyrnæmt og sjónræmt rýni.




Námsmat





Nemendur gefa samnemendum stjórnur fyrir framsögn í ljóðalestri og samvinnu í hópastarfi.

Heimavinna

Æfa lestur á ljóði til flutnings fyrir framan bekkinn.

<p>Upplestur (Komdu og skoðaðu hafið)</p> <ul style="list-style-type: none"> ○ Höfundar kynntir. ○ Bókin skoðuð, forsíða og baksíða og spáð í innihaldið. Einnig velt fyrir sér tengslum hennar við aðrar bækur úr flokknum <i>Komdu og skoðaðu</i>. ○ Bókin lesin í heild. ○ Hugtök sem eru nefnd eru í bókinni eru skráð á töflu (flettitöfluna). <p>Syngja: Sigling (Hafið bláa) (bls. 2-3) Suðurnesjamenn (bls. 2-3)</p> <p>Hlusta á: Sigling (Hafið bláa hafið)</p> <p style="text-align: center;">Suðurnesjamenn</p>	<p>1. lota</p> <p>Höfundar Bókarkápa Viðfangsefni (hafið) Söngur Hlustun Hreyfing</p>
<p>Umræður og vinna nemenda í hóp, einslega eða í þörum</p> <ul style="list-style-type: none"> ○ Bókin lesin aftur og ýmis orð skoðuð og skráð á flettitöfluna. ○ Orð og orðtök sem hægt er að skoða eða vinna með (kennari velur úr eftirfarandi upptalningu): <p>Kringum, útlönd, fara á misöldur, særok, eyja, haf, grjót, steinn, reka, botn, ójöfnur, sléttur, horn, strönd, land, sjór, næring, þang, æti, fjörupollur, lífvera, skrælna, pollur, salt, voði, sandur, skeljar, ormur, nauðsynlegt, flakka, djúpur, grunnur, þrýstingur, birta, fjölbreytt, tegund, óþekktur, spendýr, sjúga, afkvæmi, greindur, þróa, mál, hljóma, núlifandi, risaæðla, ferðamaður, skoða, forvitinn, strönd, verpa, fuglabjarg, mergð, öld, lofthræðsla, síga í björg, bjargsig, sækja björg í bú, verðmæti, bændur, vinnumenn, búskapur, árabátur, róa til fiskjar, verbúð, frystikista, sjávarsíða, atvinnuvegur, sjávarútvegur, þilskip, árabátur, brimasamt, náttúrulegur, skilyrði, aðstaða, þyrping, þéttbýli, sjávarþorp, mjöl, yfirráð, fiskveiðilögsaga, ofveiði, mið, stríð, þorskastríð, vísindamaður, meta, höfn, skip, bátur, hafnargarður, bryggja, ferma, afferma, flotbryggja, krani, gámur, bauja, viti, bryggjupolli, fiskvinnsla, frystihús, slægður, flakaður, snyrtur, roðflettur, saltaður, frystur, reyktur, niðursoðinn, þurrkaður, umhverfi, sjómennska, sjómanna dagur, veðurspá, bræla, straumur, fiskimið, lífríki, ókannað, verðmæti, leyndardómur, öldugjálfur, brimrót, lambhúshetta</p> <ul style="list-style-type: none"> ○ Lykilorð: sjávarútvegur, fiskveiðilögsaga Nota meðfylgjandi lykilorðablað til að skrifa á ný orð (einstaklings- eða paravinna). ○ Finna orð í textanum sem innihalda sérhljóðann: o-ó-ö (ljósrituð opna úr textanum, paravinna). <p>Syngja: Fuglinn í fjörunni (bls. 4-11) Bátasmiðurinn (bls.4-11) Sofa urtubörn (bls. 4-11)</p> <p>Hlusta á: Brennið þið vitar- Páll Ísólsson</p> <p style="text-align: center;">Fuglinn í fjörunni</p>	<p>2. lota</p> <p>Viðfangsefni bókin <i>Komdu og skoðaðu hafið</i> Lestur Ný orð Hugtök Lykilorð Ritun – stafagerð Sérhljóðið – o-ó-ö Söngur Hlustun</p> <div style="text-align: center;">  <p>Karлакór</p> </div> <p>Karлакór er hópur karla sem syngur saman oftast fjórraðað (það er eins og fjögur lög sungin í einu). Fyrsti og annar tenór það eru þeir sem syngja hæstu tónana og fyrsti og annar bass sem syngja dýpstu tónana. Hlustið á <i>Brennið þið vitar og fuglinn í fjörunni</i> á karlakórssöng.</p>

<p>Stöðvavinna:</p> <ul style="list-style-type: none"> ○ Hópur 1: Teiknar stórt hugtakakort yfir skip (bls. 20-21) ○ Hópur 2: Teiknar stórt hugtaka- kort yfir fjöruna (bls. 6-7) ○ Hópur 3: teiknar stórt hugtakakort yfir fisk í hvaða formi hann er í (bls.21) <p>Syngja: Alli, Palli og Erl. (bls. 20-21) <u> </u> datt í sjóinn (bls. 22-23)</p> <p>Hlusta á: Vem kan segla förutan vind – Sigling inn Eyjafjörð – Jóhann Haraldsson Austan kaldinn á oss blés – þjóðlag</p>	<p>3. lota</p> <p>Myndræn yfirfærsla Ritun – stafagerð Læsi lífríki fjörunnar Læsi á mismunandi skip Læsi á fisk í mismunandi formi Söngur Hlustun</p> <p> Þjóðlag Þjóðlag er lag sem enginn veit lengur hver samdi svo þjóðin á það saman. Bjarni Þorsteinsson safnaði saman fjölda íslenskra þjóðlaga og átti stóran þátt í hve mörg þjóðlög varðveittust. Þjóðlagasafnið á Siglufirði er reist í minningu hans.</p>
<p>Einstaklingvinna:</p> <p>Nemendur draga miða með mynd (sjá meðfylgjandi blað með myndum) sem þeir skrifa sögu um og myndskreyta. Síðan lesa þeir söguna sína fyrir félagana.</p> <p>Syngja: Síldarvalsinn (bls.16-19) Á sjó (bls.20-21)</p> <p>Hlusta á: Síldarvalsinn – Steingrímur M. Sigfússon Á Sjó – Ólafur Ragnarsson Dóná svo blá- Johann Strauss</p>	<p>4. lota</p> <p>Myndræn yfirfærsla Ritun- stafagerð framsögn Söngur Hlustun</p> <p> Vals er iðandi, sveiflandi dans sem pörin snúast um sjálf sig auk þess að ferðast um dansgólfið. Vals er þrískiptur, þannig að talið er: 1-2-3-, 1-2-3 með áherslu á einn (fyrsta slagið). Frægustu valsarnir voru samdir af Strauss feðgum á 19. öld</p> <p> Biðjið kennarann að kenna ykkur valssporin og dansið!</p>
<p>Einstakling- eða paravinna:</p> <p>Nemendur skreyta rammblað (meðf.) og fylla hann af orðum sem þeir hafa lært í bókinni um hafi, fara ofan í orðin með mismunandi trélitum.</p> <p>Syngja: Róðu Runki minn (bls. 12-13) Við skulum róa (bls. 12-13)</p> <p>Hlusta á: Pað gefur á bátinn við Grænland – Svavar Benediktsson</p>	<p>5. lota</p> <p>Ný orð Ritun- stafagerð Söngur Hlustun</p>

<p>Einstaklingsvinna:</p> <p>Flokkaðu orðin úr rammanum þínum á meðf. flokkunarblað: sjór- fjara-skip-fiskvinnsla á landi</p> <p>Syngja: Kátir voru karlar (bls. 12- 13) Ship ohoj (bls. 14-15) Híf opp æpti karlinn</p> <p>Hlusta á: Kátir voru karlar</p>	<p>6. lota</p> <p>Ritun – stafagerð flokkun Söngur Hlustun Hreyfing</p> <p> Harmonikka Harmonikka var eitt almennasta hljóðfærið á Íslandi í gamla daga og var spilað á hana á böllum og samkomum. Harmonikan er hljómborðshljóðfæri en tæknilega er hún blanda af blásturs- og hljómborðshljóðfæri; tónninn sem hljómar kemur frá tónfjöðrum/málm tungum sem titra þegar loftið streymir frá belgnum. Það væri gaman að fá einhvern tengdan skólanum sem á harmonikku í heimsókn í bekkinn t.d. foreldri eða starfsmann.</p> <p> Hlustaðu á harmonikkuna í <i>Kátir voru karlar</i>.</p>
<p>Umræða og hlustun</p> <p>Nemendur hlusta á brot úr tónverkum eftir ýmsa höfunda sem þau hafa verið að hlusta á undanfarið og rifja upp hver þau eru. Skoða bækur af bóksafni með sögum og ævintýrum sem tengjast hafinu Einnig skoðaðar listaverkabækur þar sem hafið er fyrirmynd myndverksins t.d. Gunnlaugur Scheving o.fl.</p> <p>Syngja: Hlusta: Hafið/La mer – Debussy</p>	<p>7. lota</p> <p>Hlustun Lestur Ritun Tjáning Upplýsingaöflun í tölvu og bókasafni</p> <p> Debussy samdi La Mer á suðurströnd Englands við Ermasundið. Verkið er skipt í þrjá kafla: Frá sólarupprás til hádegis, Öldurnar leika sér, Samtal vinds og sjávar. Fyrsti kaflinn er dulafullur, næsti líflegur og sá síðasti sýnir tvö sterk öfl takast á.</p> <p> Hlustaðu á La Mer og búið til hreyfingar / dans sem tákna blæ verksins.</p>
<p>Einstaklingsvinna</p> <p>Allir búa til Skipabókin mín úr maskínupappír (meðfylgjandi hugmynd). Allir skrifa og teikna í hana og skreyta eftir sínu höfði.</p> <p>Syngja: Nú blikar við sólarlag (bls. 24-25) Kvöldsigling (bls. 24-25)</p> <p>Hlusta: Nú andar suðrið – Ingi T. Lárusson Kvöldsigling Gísli Helgason</p>	<p>8. lota</p> <p>Myndræn yfirfærsla Myndræn yfirfærsla Ritun-stafagerð Söngur Hlustun</p>
<p>Sýning</p> <p>Nemendur sýna skipabækurnar sínar og önnur verkefni. Nemendur gefa bókunum stjórnur.</p>	<p>9. lota</p> <p>Tjáning Munnleg tjáning Framsaga</p>

Þigurlína Jónsdóttir

Söngtextar



KOMDU OG SKOÐAÐU HAFIÐ

Tónlist rauði þráðurinn í öllu námi grunnskólans

Sigling

Hafið, bláa hafið, hugann dregur.
Hvað er bak við ystu sjónarrönd?
Þangað liggur beinn og breiður vegur.
Bíða mín þar æskudrauma lönd.
Beggja skauta byr bauðst mér aldrei fyrr.
Bruna þú nú, bátur minn.
Svífðu seglum þöndum,
svífðu burt frá ströndum.
Fyrir stafni haf og himinninn.

Suðurnesjamenn

Sæmd er hverri þjóð að eiga sægarpa enn.
ekki var að spauga með þá útnesjamenn.

Sagt hefur það verið um suðurnesjamenn
fast þeir sóttu sjóinn og sækja hann enn.
Unnur bauð þeim faðm sinn svo ferleg og há,
kunnu þeir að beita hana brögðum sínum þá.

Kunnu þeir að stýra og styrk var þeirra mund
bárum ristum byrðingarnir ólífissund.
Ekki er að spauga með íslenskt sjómansblóð
ólgandi sem hafið og eldfjallaglóð.

Ásækið sem logi og áræðið sem brim,
hræðist hvorki brotsjó né bálviðra glym.

Gull að sækja' í greipar þeim geigvæna mar
ekki nema ofurmennum ætlandi var.

Þjóðin geymir söguna öld eftir öld
minning hennar lýsir eins og kyndill um kvöld.

Ólína Andrésdóttir

Fuglinn í fjörunni

Fuglinn í fjörunni
hann heitir már.
Silkibleik er húfan hans
og gult undir hár.
Er sá fuglinn ekki smár,
bæði digur og fótahár,
á bakinu svartur,
á bringunni grár.
Bröltir hann oft í snörunni,
fuglinn í fjörunni.
Fuglinn í fjörunni
hann er bróðir þinn.
Ekki get ég stigið við þig
stuttfótur minn.

Theodóra Thoroddsen

Bátasmiðurinn

Ég negli og saga
og smíða mér bát
og síðan á sjóinn
ég sigli með gát.

Og báturinn vagnar
og veltist um sæ.
Ég fjörugum fiskum
með færinu næ.

Birgir Sigurðsson

Sofa urtu börn á útskerjum

Sofa urtu börn á útskerjum,
veltur sjór yfir þau
og enginn, enginn,
enginn þau svæfir.

Sofa kisu börn á kerhlemmum,
murra og mala
og enginn, enginn,
enginn þau svæfir.

Sofa Grýlu börn á grjóthólum,
urra og ýla
og enginn, enginn,
enginn þau svæfir.

Sofa bola börn á báshellum,
moð fyrir múla
og enginn,
enginn, enginn þau svæfir.

Sofa manna börn í mjúku rúmi,
bía og kveða
og babbi, babbi,
babbi þau svæfir.

Róðu Runki minn

Róðu Runki minn,
hladdu fullan
bátinn þinn.

Við skulum róa sjóinn á

Við skulum róa sjóinn á
að sækja okkur ýsu.
En ef hann krummi kemur þá
og kallar á hana Dísu?
Gömul staka

Kátir voru karlar

Kátir voru karlar
á kúttar Haraldi
til fiskiveiða fóru
frá Akranesi.
Og allir komu þeir aftur
og enginn þeirra dó.
Af ánægju út að eyrum
hver einasta kerling hló.
Geir Sigurðsson

Ship-o-hoj

Sjómannslíf, sjómannslíf,
draumur hins djarfa manns,
blikandi bárufans,
býður í trylltan dans.

Sjómannslíf, sjómannslíf,
ástir og ævintýr
fögnuð í barmi býr
brimhljóð og veðragnýr.

Ship-o-hoj, ship-o-hoj,
ferðbúið liggur fley.
Ship-o-hoj, ship-o-hoj,
boðanna bíð ég ei.

Við stelpurnar segi ég
ástarljúf orð
einn, tveir, þrír kossar
svo stekk ég um borð.

Ship-o-hoj, ship-o-hoj,
mig seiðir hin svala dröfn.
Ship-o-hoj, ship-o-hoj,
og svo nýja í næstu höfn.

Loftur Guðmundsson

Híf opp æpti karlinn

Híf opp æpti karlinn
inn með trollið inn,
hann er að gera haugasjó
inn með trollið inn.

Og kalli þessu hásetarnir
hlýddu eins og skot
og út á dekkið ruddust þeir
en fóru strax á flot.

Hív opp æpti.....

Siggi gamli bræðslumaður
stóð og verk sín vann
er hundrað lítra grútarkaggi
hvolfdist yfir hann.

Í eldhúsinu ástandið
var ekki heldur gott
því kokkurinn á hausinn stakkt
í stóran grautarpott.

Og gegnum brotnar rúðurnar
í brúnni aldan óð
svo kallinn alveg klofblautur
í köldum sjónum stóð.

En veðurgnýrinn kæfði loksins
alveg öskur hans
Og trollið sjálf var löngu farið
allt til andskotans.

Jónas Árnason

Síldarvalsinn

Syngjandi sæll og glaður,
til síldveiða nú ég held
það er gaman á Grímseyjarsundi
við glampanði kvöldsólareld,
þegar hækkar í lest og hleðst mitt skip
við háfana fleiri og fleiri.
Svo landa ég síldinni sitt á hvað
á Dalvík og Dagverðareyri.

Seinna er sumri hallar
og súld og bræla er,
þá held ég fleyi til hafnar.
Í hrifningu skemmti ég mér
á dunandi balli, við dillandi spil
og dansana fleiri og fleiri
Og nóg er um hýreyg og heillandi sprund
á Dalvík og Dagverðareyri.

Haraldur Zophoníasson

Á sjó

Á sjó þeir sóttu fyrr
og sigldu' um höfin blá.
Þeir eru fræknir fiskimenn
og fást við úfinn sjá.
Milli hafna' um heiminn
þeir halda sína leið.
Á sjó þeir sækja enn
og sigla' um höfin breið.

Fræknir sjómenn fyrrum komu'
að frjálstri Íslands strönd.
þeir héðan sigldu' um höfin djúp
og herjuðu' á ókunn lönd.
En síðan margir sægarpar
siglt hafa landi frá,
bátar þeirra borist hafa
bylgjum sjávar á.

Á sjó.....

Þeir staðið hafa' í stormi
og stórsjó dag og nótt
móti bylgjum frosts og fanna
fast þeir hafa sótt.
Er skipið öslar öldurnar
þá ólgar þeirra blóð.
Þeir eru sannir sjómenn
til sóma okkar þjóð

Á sjó.....

Þeir sífellt fara' um sjávarleið
og sigla varningi' heim.
fiskinn góða fær' á land
við fögnum öllum þeim.
Þeir lifa djarft á landi' og sjó
í leik og hverri þraut.
Þeir eru hafsins hetjur
þeim heiður falli' í skaut.

Á sjó.....

Alli Palli og Erlingur

Alli Palli og Erlingur þeir ætla' að fara' að sigla,
vantar vænan bát en vita afbragðs ráð.
Þeir fundu gamalt þvottafat sem farið var að mygla,
sigla út á sjó og syngja hæ, hæ, hó.
Seglið var úr afar stórum undirkjól,
mastrið það var skófluskaft og skútan lak og valt.
Og hæ og hó og hæ og hí.
En skítt með það við skulum komast fyrir því.

Alli vildi, ólmur, til Ameríku fara,
en Palli sagði: „Portúgal er prýðis land.“
„Ertu frá þér Palli, nú ætlum við að spara,
siglum beint og stefnum beint á Grænlandssand.“
„Ertu frá þér Erlingur, þú ert að fara í kaf,
hatturinn þinn fýkur af og feykist út á haf.“
Og hæ og hó og hæ og hí.
En skítt með það við skulum komast fyrir því.

Nafnavísur

Nonni datt í sjóinn
og missti af sér skóinn
Polly volly dúlly volly dei
Svo kom hann upp úr sjónum
og hélt á stóra skónum
Polly volly dúlly volly dei

Siggi datt í brunninn
og missti af sér munninn
Polly volly dúlly volly dei....
Svo kom hann upp úr brunnum
og hélt á stóra munninum
Polly volly dúlly volly dei

Jóna datt í ána
og missti af sér tána
Polly volly dúlly volly dei....
Svo kom hún upp úr ánni
og hélt á stóru tánni
Polly volly dúlly volly dei

Bjössi datt í pollinn
og missti af sér kollinn
Polly volly dúlly volly dei....
Svo kom hann upp úr pollinum
og hélt á stóra kollinum
Polly volly dúlly volly dei

Anna datt í sefið
og missti af sér nefið
Polly volly dúlly volly dei....
Svo kom hún upp úr sefinu
og hélt á stóra nefinu
Polly volly dúlly volly dei

Hildur datt í kökuna
og missti af sér hökuna
Polly volly dúlly volly dei....
Svo kom hún upp úr kökunni
og hélt á stóru hökunni
Polly volly dúlly volly dei

Nú blika við sólarlag

Nú blika við sólarlag sædjúpin köld.
Ó, svona' ætti að vera hvert einasta kvöld,
með hreinan og ljúfan og geislandi blæ
og himininn bláan og speglandi sæ.

Og fjallhnjúka raðirnar rísa í kring
sem risar á verði við sjóndeildarhring.
Og kvöldroðinn brosfagur boðar þar drótt
hinn blíðasta dag eftir ljúfustu nótt.

Þorsteinn Erlingsson

Kvöldsígling

Bátur líður út um eyjasund,
enn er vor um haf og land.
Syngur blærinn einn um aftanstund,
aldan niðar blítt við sand.
Ævintýrin eigum ég og þú,
ólgar blóð og vaknar þrá.
Fuglar hátt á syllum byggja bú,
bjartar nætur vaka allir þá.
Hvað er betra en vera ungur og ör,
eiga vonir og æsku fjör,
geta sungið, lifað, leikið sér,
létt í spori hvar sem er
og við öldunið um aftanstund
eiga leyndarmál og ástarfund.

Jón Sigurðsson

Helstu hugtök, frum-, efnis- og leikniþættir tónlistar

Leiðbeiningar fyrir umsjónarkennara þegar
samþætta á tónlist við aðrar námsgreinar



Tónlist rauði þráðurinn í öllu námi grunnskólans
Fyrir nemendur á yngsta stigi

Hér að neðan fara einfaldar skýringar á helstu þáttum tónlistar sem umsjónarkennari getur huga að við sæmþættingu tónlistar við aðra námsgreinar barna á yngsta stigi:



Hlustun

Kennarar þurfa að skapa tónlistarvænt afslappað umhverfi t.d. púðakrók. Þar fá nemendur að hlusta á fjölbreytta tónlist og fá að bregðast við henni með því að hreyfa sig, klappa, dansa eða leika á ásláttarhljóðfæri t.d. hristur eða litlar handtrommur eða hljóðfæri sem börnin hafa búið til sjálf eða fundið í náttúrunni t.d. steina, trjábúta, skeljar o.s.frv.

Ung börn hafa stutt úthald eigi aðeins að hlusta sér til ánægju. Þau þurfa tengingu við eitthvað eða ástæðu fyrir því af hverju þau eru að hlusta og eftir hverju þau eiga að hlusta t.d. ákveðnu hljóðfæri eða breytingu í hrynn (takti), styrkleika (sterkt eða veikt) eða blæ (gleði, sorg, reiði). Mörg tónverk fela í sér sögu eða ævintýri sem kveikja löngun barnanna til sköpunar t.d. að teikna, mála, móta sögupersónur eða sýna látbragð. Með æfingunni eykst úthaldið og ánægjan og tónlistarupplifunin verður kveikjan að frjóu skapandi skólastarfi. Velja þarf fjölbreytta tónlist með og án orða frá sem flestum menningarheimum.



Söngur

Söngur fylgir allri menningu og er sjálfsprottinn og byrjar sem hjal og söngl með eða án orða. Börn söngla þegar þau leika sér og syngja með eða án orða í leik ein eða með öðrum. Oft söngla þau hendingar í leik t.d. „þú getur ekki náð mér“ eða tauta við sjálf sig þegar þau eru að dunda sér við eitthvað. Þetta getur verið upphaf af því að búa til lög og þarf að hlúa vel að með nærfærni. Velja þarf texta sem hæfa aldri og þroska barnanna og þeim hugarheimi sem þau hrærast í. Í sæmþættingu er mikilvægt að textinn eða heiti lagsins tengist á einhvern hátt viðfangsefninu í sæmþættingunni. Velja þarf tónhæð sem hæfir barnsröddinni og hafa ber í huga að þeim liggur hærra rómur en okkur fullorðna fólkinu. Gefa þarf góðan gaum að innihaldi textans, túlkun hans og stíltegund þegar sungið er. Þú syngur ekki gleðisöng með fýlusvip.

Velja þarf stutt lög fyrir yngstu börnin með ekki of vítt tónsvið þ. e. fer ekki mjög djúpt niður eða hátt upp. Kennarinn þarf að velja lög sem honum finnast áhugaverð þannig að hann smiti nemendur með áhuga sínum. Hann þarf að ná

augnsambandi við nemendur þegar hann er að kenna lögin þannig að nemendur finni og sjá áherslur í svipbrigðum hans. Gott er að leyfa nemendum að klappa púlsinn um leið og lögin eru lærð og hreyfa sig.



Hreyfing

Hvetjið nemendur til að hreyfa sig frjálst þegar þeir syngja eða hlusta á tónlist. Seinna þegar nemendum er eiginlegt að hreyfa sig í takt við tónlistina má bæta dansi við og í framhaldinu hvetja nemendur til að búa til dans við ákveðna hentuga tónlist. Langir borðar og blöðrur sem þau hreyfa hjálpa börnum oft til að koma sér af stað. Aðstoðið börnin við að finna hvernig mismunandi líkamspartar framleiða mismunandi hljóð t.d. með höndum, fótum, fingrum og handleggjum og einnig mismunandi leiðir að koma sér á milli staða t.d. hlaupa, hoppa, renna, ganga o.s.frv. Það þarf að hjálpa þeim að finna púlsinn í tónlistinni með því t.d. að klappa taktinn, ganga taktinn eða slá á ásláttarhljófæri. Hjálpa þeim að líkja eftir fyrirbærum í umhverfinu t.d. skýjum, rigningu, vindi, stormi til að túlka tónlist. Afmarka þarf svæðið þar sem börnin hreyfa sig, það má hvorki vera of lítið eða fullt af hlutum sem hægt er að rekast á eða of stórt þannig að það bjóði upp á hlaupalæti. Nemendur æfast í að bregðast við breytingum í tónlistinni s.s. hraða, styrkleika og blæbrigðum.




Hljóðfæraleikur

Hafið smá safn af ásláttarhljóðfærum við höndina, handtrommur, stafi, fingrasmellur og hristur og einnig hljóðgjafa sem börnin hafa útbúið sjálf. t.d. má nota sírópsdósir með mismunandi innihaldi, baunir, hrísgrjón, hveiti, skopparabolta, glerperlur, tréperlur o.s. frv. (ekki of mikið í hvern bauk). Litlar plast gosflöskur eru skemmtilegar og hægt að setja í þær mismunandi skemmtilega smáhluti s.s. marglitar perlur eða pappírsklemmur, tölur, smápeninga o.s.frv. Steinar, skeljar og ýmis eldhúsáhöld og verkfæri eru oft góðir hljóðgjafar. Einnig eru alltaf börn í bekknum sem eru að læra á hljóðfæri í tónlistarskólunum og kjörið tækifæri að fá þau til að spila á sitt hljóðfæri eða á málm- eða tréspil séu þau til staðar og félagarnir spili púlsinn (taktinn) með. Algengustu takttegundir eru tví-, þrí- eða fjórskiptur taktur og er þá klappað einn-tveir; einn, tveir, þrír; eða einn tveir, þrír- fjór og alltaf höfð áhersla á einn. Bæði í söng og hljóðfæraleik koma fyrir hraða- og styrkleikahugtök eins og hægt (largo)/hratt (allegro), sterkt (f)/veikt (p) og fjöldi ítalskra orða sem tákna form, blæ eða hughrifin sem laginu eða tónsmíðinni er ætlað að ná.



Sköpun

Tónlist og hreyfing eru góður grunnur til að styðja við sköpunarkraftinn í börnum. Börn hafa fjórugt ímyndunarafl og þurfa rými til að gera tilraunir með hina ýmsu hljóðgjafa bæði hefðbundna og óhefðbundna. Oft má kynda undir sköpunarkraftinn og sýna þeim leiðir hvernig hægt er að kanna hljóðheiminn t.d. með því að fá þeim pappírsblað og spyrja: „Hvað geturðu fengið mörg mismunandi hljóð úr pappírsblaði?“ t.d. krumpa, rífa, sveifla o.s.frv. Hvetjið börnin til að búa til dansspor við tónlist og einnig semja eigin lög eða tónverk eða hljóðverk t.d. við sögur eða ljóð. Upplagt er að kanna hljóðumhverfið t.d. á skólalóðinni, renna priki eftir járnrimlahandriði eða girðingu, slá í öskutunnur, járnror í ljósastaura o.s. frv. Einnig að hlusta eftir umhverfishljóðum eins og rigningu, vindi, sjávarnið, bílahljóðum, fólki að tala saman eða börnum að leik. Þetta gerir þau næmari fyrir því að skynja umhverfið og tónlistina og þeirri fegurð sem í henni býr.



Lestur - ritun

Börn þurfa ekki að vera læs á nótur til að geta fært tónverkin sín í letur. Letrið þarf að sýn tvennt hvort tónninn fer upp eða niður og hvort hann er stuttur eða langur. Börnin geta t.d. gert mislög strík eftir lengd tónanna og tröppur eða strík sem vísa upp á við eða niður á við í samræmi við hreyfingu laglínunnar. Þetta hjálpar þeim að muna tónverkið sem þau eru að skapa. Einnig geta nemendur sýnt styrkleikabreytingar með vaxandi styrk (crescendo) < og dvinandi styrk (diminuendo) > með þessum viðurkenndu táknum sem þau þekkja líka úr stærðfræðinni sem meira en og minna en og auðvelt er að teikna.

Inn í hvern og einn þessara þátta falla svo **laglína, púls, hrynur(taktur), hljómur, styrkur, blær, form og stíll.**




Hlutverk kennarans

Hlutverk kennarans er að skapa frjóan jarðveg og vera opinn og styðjandi í tónlistarupplifun með nemendum sínum.

Komdu og skoðaðu hafið -vinnublöð-




Komdu og skoðaðu hafið - Lykilorð




SJÁVARÚTVEGUR


Komdu og skoðu hafið - Lykilorð



FISKVEIÐILÖGSAGA




Þessi orð hef ég lært í bókinni um hafið



Nafn _____

Komdu og skoðaðu hafið – orðasúpa



F K M P S T J G O S L E L T I
 F A R I S A E ð L A A I S M S
 U U N U L Æ ð Þ K N F Á J E Ý
 G B P H Ó D ð A L R K N Á F I
 S P A V A ð S N A G V U V J A
 T V Ú U A F A G K Á Æ ð A A J
 R I S ð J T O L K M M F R R Ö
 Ö H R Y G A A G A U I U Þ M L
 N I Ó A N A P I A R H Ú O A D
 D R R R E K A Ú I ð U R R F U
 S P E N D Ý R R P P A X P Í R
 G Í N A H S Æ R O K R F Ý Y R
 U L I N D R I N G U H J M S R
 R F E L U S J Á V A R S Í ð A
 R L Í V E R B Ú ð E F N I U L




Finndu orðin:

ÖLDUR	RISAEDLA	BAUJA
SÆROK	STRÖND	GÁMUR
HAF	VERBÚÐ	SJÁVARSíða
SPENDÝR	SJÁVARÞORP	ÞANG

Mat

Nemendur lita stjörnur og plasta og geyma hjá sér. Síðan rétta þeir upp viðeigandi stjörnu þegar þeir eru beðnir að meta vinnu félaga sinna, sína eigin eða hópsins. Síðan krossar nemandinn í réttan dálk á stjörnumatsblaðið, þ.e. ef hann fær mjög gott setur hann x í dálkinn lengst til vinstri.

Mat - Stjörnur

	<p>Mjög góð vinna!</p>
	<p>Góð vinna!</p>
	<p>Þú getur gert betur!</p>

